

130. löggjafarþing 2003-2004.  
Þskj. 784 – 512. mál.

**Svar heilbrigðisráðherra  
við fyrirspurn um störf nefndar um  
uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.  
Frá Einari K. Guðfinnssyni.**

*Hvað liður störfum nefndar sem vinnur að mótun heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana?*

Umfangsmikilli gagnasöfnun um meðferðarúrræði og stöðu þeirra er nú á lokastigi en jafnframt er verið að skoða fyrirkomulag meðferðarmála í helstu nágrannalöndum okkar.

Skýrsla þessi er unnin af starfshópi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veturinn 2003 - 2004. Hlutverk hópsins var að afla grunngagna um framboð á meðferð og annarri þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum stendur til boða og sem njóta opinberra styrkja eða eru rekin með opinberu fé. Tilgangur starfsins var að afla upplýsinga sem að gagni mega koma við mótun heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar á Íslandi. Formaður starfshópsins var Sigurður Gils Björvinsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Aðrir þátttakendur voru Hrafn Pálsson deildarstjóri, Magnús Skúlason deildarstjóri, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri og Sveinn Magnússon skrifstofustjóri frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þorgerður Ragnarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs, var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn valdi að afla upplýsinga með því að gera könnun hjá meðferðarstofnunum, áfangameimilum og öðrum stöðum sem á einhvern hátt veita fólki sem á í erfiðleikum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu aðstoð. Sent var út bréf til yfirmanna stofnananna til að skýra tilgang gagnaöflunarinnar. Þar var lögð megináhersla á að kanna hvaða meðferðarúrræði standa til boða héraendis og hver margir geta notið þessarar þjónustu. Eins var lögð áhersla á að kanna rekstrarform og stjórnskipulag þeirra aðila, sem starfa að meðferðarmálum, tilgang rekstursins og hugmyndagrundvöll. Jafnframt eru kannaðar kröfur stofnunarinnar til starfsmanna og þá sérstaklega áfengisfulltrúa og hvaða endurmenntunarmöguleikar eru í boði. Jafnframt er sérstaklega skoðað hvaða árangursmælingar notaðar eru í dag. Eins er verið að kanna fyrirkomulag þessara mála annars staðar.

Vinnuhópurinn er einnig að skoða verkaskiptingu málaflokksins milli ríkis og sveitarfélaga og eins skiptingu á milli ráðuneyta.

Áætlað er að vinnuhópur ráðuneytisins skili álit í næsta mánuði.

(Talað orð gildir)